

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/69/EB

2008/EES/45/27

frá 27. apríl 2004

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB að því er varðar skilgreiningu á „fjölpjóðlegum þróunarböndum“ (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ⁽¹⁾, einkum fimmta undirlið 1. mgr. 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 19. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB eru „fjölpjóðlegir þróunarbankar“ skilgreindir með því að telja upp heiti viðeigandi stofnana.
- 2) Í bréfi frá nóvember 2002 óskaði Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA) eftir skráningu í 19. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB.
- 3) Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin er hluti af Alþjóðabankastofnununum. Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin veitir fjárfestum í einkageiranum ábyrgðir þegar um er að ræða áhættu sem ekki er viðskiptalegs eðlis, einkum hættu á tapi, samkvæmt vel skilgreindum viðmiðunum, sem stafar af því að ekki er hægt að umreikna gjaldmiðil eða millifæra gjaldmiðil, eignarnámi, ófriði og óeirðum og samningsbroti stjórn-sýslustofnunar. Markmið Fjölpjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnunarinnar er að stuðla að hagþróun í þróunarlöndum, sem eru meðlimir hennar, með því að hvetja til stofnunar, útvíkkunar og nútímavæðingar einkafyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra, sem kæmi til fyllingar þeirri starfsemi sem aðrir meðlimir Alþjóðabankastofnananna stunda.
- 4) Áhættustefna Fjölpjóðlegu fjárfestingarábyrgðarstofnunarinnar er sambærileg við áhættustefnu fjölpjóðlegra þróunarbanka sem eru taldir upp í 19. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB og hefur því rétt til skráningar í 19. mgr. 1. gr. og þar með til að njóta hagnaðar af því áhættuvægi sem mælt er fyrir um í 43. gr. tilskipunar 2000/12/EB.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem skal aðstoða framkvæmdastjórnina í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 60. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 19. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB komi eftirfarandi.

„19. „fjölpjóðlegir þróunarbankar“: Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Þróunarbanki Ameríkurlíka, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Afríku, Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Mið-Ameríkurlíka, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkurlíka og Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli eigi síðar en 30. júní 2004 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 1.6.2006, bls. 19.

(¹) Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/87/EB (Stjtið. EB L 35, 11.2.2002, bls. 1).